

Niðurstaða háskólapings 13. nóvember 2015

Háskólaping Háskóla Íslands var haldið 13. nóvember sl. og var þingið að þessu sinni helgað stefnumótun Háskóla Íslands fyrir tímabilið 2016-2021. Fyrir þinginu lágu drög að heildarstefnu Háskóla Íslands, dags. 6. nóvember 2015, og voru þau fyrst kynnt almennt og síðan rædd í einstökum atriðum í átta vinnuhópum. Fyrir hverjum hópi fór hópstjóri og ritari skráði niðurstöður. Að loknu hópastarfi komu þingfulltrúar saman í Hátíðasal þar sem niðurstöður hópanna voru kynntar.

Í lok háskólapings bar rektor upp svohljóðandi tillögu að bókun sem var samþykkt einróma:

„Háskólaping fjallaði í dag um fyrstu drög að stefnu Háskóla Íslands fyrir tímabilið 2016-2021 sem undirbúin hafa verið af stýrihópi og fjölmennari stefnumótunarhópi háskólans, að fengnum mörgum ábendingum og hugmyndum frá starfsfólki, nemendum og utanaðkomandi aðilum. Á þinginu komu fram margvíslegar gagnlegar athugasemdir og ábendingar um stefnudrögin sem stýrihópurinn og stefnumótunarhópurinn munu taka mið af við frekari undirbúning stefnunnar.“